

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Akureyri, 27. maí 2022  
Tilvísun: M21120605 / 00.02

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frv. til br. á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018, lenging lánstíma, mál 587-þskj. 829.**

Vísað er í tölvupósts nefndasviðs Alþingis þann 25. maí sl. þar sem Ferðamálastofu var boðið að senda umsögn um frumvarpið.

Ferðamálastofa gerir ekki almennar athugasemdir við frumvarpið en hvetur til þess að það verði samþykkt og að lánstími lána frá Ferðaábyrgðasjóði verði framlengdur.

Lenging lánstímans mun létta á greiðslubyrðni lántakenda, sem í mörgum tilfellum verður mjög mikil þegar kemur að fyrstu greiðslu afborgana 1. desember 2022. Enn fremur gerir breytingin lántakendum kleift að gera rekstraráætlanir til lengri tíma og eyða þar með ákveðinni rekstraróvissu. Aukin dreifing afborgana er hagsmunamál fyrir lántakendur en langstærsti hluti lántakenda hefur nýtt sér frestun fyrstu afborgunar. Lenging lánstímans og viðsnúningur ferðaþjónustunnar, eins og útlit er fyrir, mun án efa auka greiðslugetu lántakenda þegar fram líða stundir.

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálastofu  
Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslusviðs